



Hörgársveit

Fréttabréf

20. apríl 2015 6. árgangur 4. tölublað

Aðalskipulagstillaga samþykkt í sveitarstjórn

Tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar á fundi þann 15. apríl 2015.

Tillagan hefur nú verið send Skipulagsstofnun til formlegrar afgreiðslu fyrir auglýsingu. Skipulagsstofnun hefur fjórar vikur til að gera athugasemdir við tillöguna. Að þeim tíma loknum verður tillagan auglýst óbreytt eða með athugasemdum Skipulagsstofnunar ef þær berast. Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, getur síðan gert athugasemd á auglýsingatímanum þegar þar að kemur.

Til forráðamanna 1. og 2. bekkjar

Fyrirhugað er að bjóða upp á dvöl n.k. haust fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum Álfasteini eftir að skóla lýkur eins og undanfarin ár.

Áhugasamir hafi samband við Hugarúnu leikskólastjóra í síma 460-1760 milli 8:00 og 14:00

Hörgársveit

Sími: 460 1750
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

57. fundur miðvikudaginn 15. apríl 2015

Fundarmenn: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir, Jón Þór Benediktsson, María Albína Tryggvadóttir undir lið 5 og Þórður Ragnar Þórðarson undir lið 5 til 7 í dagskránni.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur sveitarsjóðs 2014, síðari umræða

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla frá PWC. Fyrri umræða um ársreikning sveitarsjóðs fyrir árið 2014 fór fram 19. mars 2015. Þá var hann afgreiddur til síðari umræðu.

Sveitarstjórn staðfesti ársreikning sveitarsjóðs fyrir árið 2014 með undirritun sinni á ársreikninginn.

2. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 4. mars 2015

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þar á meðal er afgreiðsla á ársreikningi nefndarinnar 2014. Þá er vakin athygli á bókun nefndarinnar þar sem sveitarfélög á hennar starfssvæði eru hvött til að tryggja matvælavinnslum, ferðaþjónustu og almennum útivistarhagsmunum hreint og heilnæmt umhverfi og fullnægja skyldum sínum um fráveitur og hreinsivirki. Loks er afgreiðsla á sex umsóknum um starfsleyfi. Þar er afgreiðsla á umsókn um starfsleyfi fyrir harðfiskverkun að Hjalteyrartanga. Nefndin samþykkti umsóknina. Að öðru leyti varðar fundargerðin ekki Hörgársveit með beinum hætti.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

3. Fundargerð fulltrúaráðs Eypings frá 20. febrúar 2015

Fyrir fundinum lá fundargerð fulltrúaráðs Eypings.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar eða afgreiðslu af hálfu sveitarstjórnar.

4. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024, auglýsing tillögu

Fyrir fundinum lá tillaga að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 ásamt greinargerð, forsendum og umhverfisskýrslu. Tillagan var kynnt á almennum íbúafundi þann 8. apríl 2015. Þá lágu fyrir fundinum innsendar athugasemdir og umsagnir um tillöguna og samantekt um viðbrögð við þeim.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti aðalskipulagstillöguna og umhverfisskýrsluna. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagstillöguna og umhverfisskýrsluna til formlegrar afgreiðslu fyrir auglýsingu í samræmi við skipulagslög 123/2010.

Helgi Bjarni Steinsson og Ásrún Árnadóttir véku af fundi. María Albína Tryggvadóttir og Þórður Ragnar Þórðarson tóku sæti á fundinum.

5. Erindi frá Þorsteini Rútssyni

Fyrir fundinum lá bréf frá Þorsteini Rútssyni með beiðni um þátttöku sveitarfélagsins í lögfræðikostnaði vegna fundahalda í tengslum við vinnu aðalskipulags sveitarfélagsins haustið 2014.

Sveitarstjórn samþykkti með 4 atkvæðum að hafna erindinu, Þórður Ragnar Þórðarson var á móti.

Helgi Bjarni Steinsson tók aftur sæti á fundinum.

6. Innanríkisráðuneytið, álit á framkvæmd útboðs á skólaakstri

Í samræmi við afgreiðslu sveitarstjórnar þann 16. apríl 2014 lágu fyrir fundinum drög að samkomulagi um málalok við FAB Travel vegna málsins.

Sveitarstjórn samþykkti samkomulagið.

Jón Þór Benediktsson vék af fundi.

7. Skólaakstur

Rætt um tilhögun skólaaksturs á næsta vetri.

Sveitarstjórn samþykkti að semja við núverandi samningsaðila um skólaakstur á næsta skólaári á grundvelli fyrri samninga.

Jón Þór Benediktsson og Ásrún Árnadóttir tóku aftur sæti á fundinum.

8. Aðalfundur Moltu ehf.

Boðað er til aðalfundar Moltu ehf. 20. apríl n.k.

Sveitarstjórn samþykkti að sveitarstjóri fari með umboð Hörgársveitar á fundinum.

9. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi

Fyrir fundinum lá erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi varðandi nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitinga á Hótel Hjalteyri.

Sveitarstjórn samþykkti að gera ekki athugasemd fyrir sitt leiti við að rekstrarleyfið verði veitt.

10. Bréf frá verkefnastjórn um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram bréf frá verkefnastjórninni þar sem hún fer þess á leit að sveitarstjórnin feli henni ákveðna vinnu við svæðisáætlun fyrir sína hönd. Jafnframt lágu fyrir fundinum drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026.

Sveitarstjórn samþykkti að fela verkefnastjórninni að auglýsa áætlunina fyrir hönd sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Jafnframt var verkefnastjórninni falið að taka við athugasemdum sem berast á umsagnartíma.

Nýtt hefti af Heimaslóð



Nýlega kom út 12. hefti Heimaslóðar, sem nú hefur undirtilinn Árbók Hörgársveitar.

Efni ritsins er fjölbreytt, skrifað bæði af heimamönnum, brottfluttum íbúum og utansveitamönnum.

Peir sem vilja gerast áskrifendur að Heimaslóð geta sent tölvupóst til Seselíu Gunnarsdóttur silla2911@gmail.com

Aðalfundur Hörgár sf.

Aðalfundur Hörgár sf. verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2015 kl. 20.00 í Leikhúsinu á Möðruvöllum.

Dagskrá samkvæmt 12. grein laga félagsins.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. maí 2015 í belamerkurskóla

Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 19. maí 2015